



## Grænni byggð – Green Building Council Iceland

Stjórnarfundur 8. nóvember 2022

**Staðsetning fundar:** Teams

**Dagsetning:** þri. 8.11.2022 kl. 14:00

GBC Iceland – Grænni byggð – stjórn 2022-2023:

Ragnar Ómarsson (RÓ), formaður– Verkís verkfræðistofa – [rom@verkis.is](mailto:rom@verkis.is)

Íris Þórarinsdóttir (ÍÞ), gjaldkeri - umhverfisstjóri hjá Reitum – [iris@reitir.is](mailto:iris@reitir.is)

Alexandra Kjeld (AK), ritari – EFLA verkfræðistofa - [alexandra.kjeld@efla.is](mailto:alexandra.kjeld@efla.is)

Sigríður Ósk Bjarnadóttir (SÓB), meðstjórnandi – VSÓ ráðgjöf - [sigridur@vso.is](mailto:sigridur@vso.is)

Olga Árnadóttir (OÁ), meðstjórnandi – Framkvæmdasýsla ríkisins – [olga.a@fsr.is](mailto:olga.a@fsr.is)

Anna Sigríður Jóhannsdóttir (ASJ), varamaður - VA arkitektar – [anna@vaarkitektar.is](mailto:anna@vaarkitektar.is)

Sunna Hrönn Sigmarsdóttir (SHS), varamaður – Reginn – [sunna@reginn.is](mailto:sunna@reginn.is)

Áróra Árnadóttir (ÁÁ) –framkvæmdastjóri Grænnar byggðar – [arora@graennibyggd.is](mailto:arora@graennibyggd.is)

### Dagskrá fundar:

1. Fundur og fundargerð
2. Aðildarfélög
3. Aðstaða félagsins
4. Starfsfólk félagsins
5. Fjárhagur félagsins
6. Verkefni félagsins
7. Starfsemi félagsins
8. Önnur mál

#### 1. Fundur og fundargerð

**Mætt:** Anna, Áróra, Íris, Sunna, Sirrý, Ragnar

**Fundarritari:** Ragnar

Fundargerð síðasta fundar er samþykkt

#### 2. Aðildarfélög

Nokkur óreiða er á tengiliðaskrá aðildarfélaga sem gerir erfitt um vik að ákveða hverjum eigi að senda reikninga, tilkynningar og fréttabréf. Til að greiða úr þessu mun Áróra hafa samband við aðildarfélögin og fá svör um hverjir séu tengiliðir, hverjir eiga að taka á móti reikningum og hverjir vilja fá fréttabréf og tilkynningar.

Ákveðið var að taka upp umræðu um átak í aðildasöfnun á næsta fundi í desember. Ragnar yfirfór tímalínu fyrir undirbúning að samráðsfundi aðildarfélaga við gerð markáætlunar í byrjun næsta árs. Markmiðið er að boða stjórnendur aðildarfélaganna til að taka þátt í samráðsfundinum að undangenginni svarkönnun sem send verður til aðildarfélaganna. Tímalínan er meðfylgjandi ásamt nógildandi markáætlun frá árinu 2021.



### 3. Aðstaða félagsins

Það styttest í að leigusamningur núverandi húsnæðis renni út. Félagið er sem stendur í húsnæði HMS og þar er aðstaða fyrir fjóra starfsmenn. Félagið þarf að móta sér framtíðarstefnu í þessum málum og er vonast til þess að hægt verði að leggja línurnar í næstu markáætlun.

Uppfærsla á heimasíðu er á lokastigi.

### 4. Starfsfólk félagsins

Rætt var um launakjör framkvæmdastjóra: Lagt er til að hækka starfshlutfall úr 50% í 60%. Stjórnin samþykkir tillöguna.

Rætt var um kjör starfsmanna: Er heimild fyrir því að bjóða starfsmönnum á jólahlaðborð? Hvað með jólagjafir til starfsmanna?

Stjórnin samþykkir að starfsmönnum verði boðið á jólahlaðborð sem framkvæmdastjóri skipuleggur. Stjórnin óskar eftir því að framkvæmdastjóri geri tillögu að jólagjöf og leggi fyrir næsta stjórnarfund.

Rætt var um að bjóða starfsfólki samgöngustyrk, 9000 kr. á mánuði og var ákveðið að gera þeim slíkt boð sem myndi gilda út árið 2023.

### 5. Fjárhagur félagsins

Aðildargjöld. Íris hefur skoðað hvernig verðskrá aðildargjalda hefur breyst frá stofnun þess með það í huga að mögulega tengja gjöldin við vísitölu launakostnaðar. Huga þarf að því að frá því að gjöldin voru hækkuð síðast árið 2019 hefur starfsemin og afköst hennar margfaldast þannig að félagið skilar miklu meiru til baka til aðildarfélaganna en var áður. Stjórnin samþykkti að Íris tæki saman greinargerð um hækkun á aðildargjöldum næsta árs sem senda þarf til aðildarféлага fyrir lok ársins með skýringum á hækkuninni. Gert er ráð fyrir að aðildargjöldin tilhögun þeirra verði eitt af aðalræðuþáttunum við gerð markáætlunarinnar í byrjun næsta árs.

### 6. Verkefni félagsins

Umsóknir í ASK: Sótt var um Rannsóknarverkefni með Birni Marteinsyni um orkunotkun. Skoða orkuútreikninga og bera saman raunnotkun. Einnig sótt um rannsóknarverkefni með Eflu um skilgreiningu á kolefnislausri byggingu og hvernig megi meta mótvægisáðgerðir.

NNCC – Verkefnið er ekki fullmótað. Katyrzina er að vinna í því að setja upp verkefnalýsingu, tímaáætlun og kostnaðaráætlun. Hlutverk okkar verður að tengja saman upplýsingagjöf til hagaðila á Norðurlöndunum. Taka á við Sett hafa verið 9 millj. til úrlausnar verkefnisins.

Skorað var á félagið að taka að sér verkþátt nr. 5 í verkpakka 1 í „Nordic Sustainable Construction.“ Um er að ræða „Establishing an acceleration programme online as well as on national level“



Sótt verður um gerð á kennsluefni um endurnotkun byggingarefna hjá Byggningsstyrelsen í Danmörku. Möguleg styrkuppþæð er DKK 5.200.000. Tvær skýrslur eru á leiðinni í útgáfu.

## **7. Starfsemi félagsins**

Morgunfundir: Næsti fundur verður um vistvænt skipulag á vegum SSH. Á sama fundi munu Félagsbústaðir einnig kynna Svansvottun leikskóla.

Verið er að vinna að því að fá kynningu frá NLSH fyrir morgunfund.

Morgunverðafundir verða kynntir á facebook og fundarboð verður einnig sent á alla sem eru á póstlista félagsins.

Ákvæðið er að senda inn tékklista fyrir Emerging Membership. Ragnar sendir Áróru það sem hann hefur útfyllt nú þegar frá fyrri tíð.

## **8. Önnur mál**

Engin önnur mál.